



Viðtalsþættir vegna mats á hæfi innheimtuaðila

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) metur hæfi einstaklinga með innheimtuleyfi og framkvæmdastjóra eða yfirmann viðkomandi starfsemi hjá lögaðila með innheimtuleyfi í samræmi við ákvæði innheimtulaga nr. 95/2008.

Í viðtali kannar Fjármálaeftirlitið þekkingu, skilning og viðhorf aðila varðandi helstu efni sem tengjast hlutverki hans og ábyrgð og byggir mat sitt á hæfi viðkomandi m.a. á upplýsingum sem þar koma fram.

Til glöggvunar á umfangi viðtals má helst nefna viðtalsþætti er varða lög og reglur sem tengjast innheimtustarfsemi, hvað felst í innheimtu, þær kröfur sem gerðar eru til innheimtuaðila og starfsemi hans og eftirlit með innheimtuaðilum.

Í viðauka má finna leslista sem unnt er að styðjast við, við undirbúning viðtalsins.

VIÐAUKI I

Leslisti

Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

- Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Lög nr. 3/2006, um ársreikninga
- Innheimtulög nr. 95/2008 ásamt:
 - Reglugerð nr. 37/2009, um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.
 - Reglur nr. 981/2016, um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008

Ítarefni

- Lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög
- Lög nr. 2/1995, um hlutafélög
- Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
 - Reglugerð nr. 397/2010, um beitingu dagsekta og févítis í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi
 - Reglugerð nr. 562/2001, um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila
- Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
 - Gjaldskrá Seðlabanka Íslands vegna sértækra aðgerða Fjármálaeftirlitsins nr. 1100/2020
- Innheimtulög nr. 95/2008
 - Reglur nr. 326/2019, um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2014, um útvistun

Uppfært 18.5.2022